

# Skólanámskrá Kópahvols

Útgefin 2020

---

Halla Ösp Hallsdóttir, leikskólastjóri  
Stefanía H. Finnbugadóttir, aðstoðarleikskólastjóri



Gleði, samkennd, frelsi og hugrekki

# Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. [Aðalnámskrá leikskóla](#) er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf. Þar segir að hver leikskóli eigi að móta sína eigin skólanámskrá og gera grein fyrir starfsemi leikskólans, markmiðum, leiðum og gildum.

Í aðalnámskrá koma fram upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á og eru ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðu-neytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Námskrá birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi leikskóla. Hlutverk aðalnámskrár er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsfólk beirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfsins. Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Sett eru fram leiðarljós leikskólastarfs og fjallað um námssvið leikskóla. Sú menntastefna sem birtist í aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega og læri að bjarga sér í samfélagini og vinna með öðrum. Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskóla, samskiptum, skólabrag og skulu vera sýnilegir í skólastarfi.


Í skólanámskrá verður notast við orðið kennari þegar fjallað verður um einstaklinga sem starfa með börnum. Notast verður við starfsfólk þegar fjallað er um alla einstaklinga sem starfa í leikskólanum.



## Skólanámskrá

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans og stefnu Kópavogsbæjar og er sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn mun fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku. Skólanámskrá er endurskoðuð á fimm ára fresti.

Árlega er gefin út starfsáætlun sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla, sbr. 14.gr. laga nr. 90/2008. Tengsl milli skólanámskrár og starfsáætlunar er mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á leikskólastarfinu. Í starfsáætlun er starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári lýst og umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð er umsagnaraðili skólanámskrár og starfsáætlunar og ber leikskólanefnd að staðfesta þær.



## Leiðarljós – sýn á nám barna

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins, upphaf formlegrar menntunar barna. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við forráðamenn á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna. Veita skal börnum hollt og hvetjandi uppeldis- og námsumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Leikskólanám er samþætt nám þar sem börn eru að læra allan tímann við mismunandi aðstæður, þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja, fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi.

Einkunnarorð Kópahvols eru:

*Gleði, samkennd, frelsi og hugrekki*

Leikskólinn Kópahvoll starfar eftir hugmyndafræðinni uppeldi til ábyrgðar. Fræðin byggjast á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar og siðferðislegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþóttu annarra. Einnig að kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að gefa þeim tækifæri til að leiðréttta mistök sín og kenna þeim að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt. Diana Gossen er upphafsmaður fræðanna og skilgreinir hún uppbryggingu á þennan hátt: „*Að skapa skilyrði til að barnið geti lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun*“. Einkunnarorð leikskólans tengjast hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar.



# Barnasáttmálin

Barnasáttmálin varð að lögum 1990 og lögfestur hér á landi 2013. Barnasáttmálin felur meðal annars í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfniat sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í beirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, forráðamenn, skóla og alla aðra sem vinna með börnum.

Í maí 2018 samþykkti Kópavogsbær að innleiða Barnasáttmálan og komast bannig í alþjóðlegan hóp barnvænna sveitarfélaga. Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities (CFC). Markmið barnvænna sveitarfélaga er að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda þeirra, við gerð stefna, áætlana, verkefna eða við aðra ákvarðanatöku. Barnasáttmálin hefur að geyma upplýsingar um réttindi mjög víðtæks eðlis. Hann kveður á um vernd tiltekinna grundvallar mannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis. Barnasáttmalin kallar á ný viðhorf til barna og stöðu þeirra í samfélaginu þar sem lögð er áhersla á aukið lýðræði. Þar kemur fram hvernig skuli komið fram við börn og hvernig stuðla eigi að því að bau njóti alls bess sem bau burfa til að vera hraust, ánægð, ábyrg og upplýst. Hinn fullorðni sem fyrirmund hefur mikil áhrif á líf barna, skilning þeirra og virðingu fyrir réttindum og þeim reglum sem gilda í lýðræðis samfélagi. Öll réttindi [Barnasáttmálans](#) eru mikilvæg en við innleiðingu er einkum lögð áhersla á fjórar grunnstoðir hans.

2. grein Jafnræði – bann við mismunun
3. grein Það sem barninu er fyrir bestu
6. grein Réttur til lífs og þroska
12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

Í Kópahvoli er unnið að því að verða [réttindaskóli UNICEF](#). Markmið réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir ákvarðanir í leikskólanum. Kennarar eru ábyrgir fyrir að virða og uppfylla þarfir hvers barns og því hefur framkoma þeirra áhrif á skilning barna og virðingu fyrir réttindum og reglum sem gilda í lýðræðislegu samfélagi.



# Sólblómaleikskóli

Kópahvoll er [Sólblómaleikskóli](#) sem þýðir að starfsfólk og börn styrkja barn í barnaþorpi á vegum SOS Barnaborpa og er samofinð verkefninu Réttindaskóli UNICEF. SOS Barnaþorpin eru barnahjálpasamtök sem veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem hafa misst. Markmið verkefnisins er að börnin fræðist um börn í öðrum löndum ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað. Börn og kennarar hjálpast að við að finna viðeigandi jóla- og afmælisgjafir fyrir barnið og foreldrum er gefin kostur á að taka þátt í verkefninu með því að leggja því lið við að fjármagna framfærslu barnsins.

## Heimsmarkmið

[Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun eru víðtækustu markmið sem ríki heim hafa komið sér saman um. Þau eru margbætt og metnaðarfull og krefjast báttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Markmiðin krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig báttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðum innan gildistíma áætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna. Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun í stefnu Kópavogsbæjar. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða markmiðin með formlegum hætti.

Leikskólar Kópavogs hófu innleiðingu heimsmarkmiða haustið 2019 og byggja stefnu sína á fimmtán markmiðum. Lagt er upp með að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir eru megnugir til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Mikilvægt er að hver einstaklingur hugsi vel um sjálfan sig, umhverfi sitt og aðra. Kópahvoll hefur heimsmarkmiðin að leiðarljósi í öllu sínu starfi.



# Leikur og nám – námsumhverfi

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, kennara og meginnaðsleið barna. Í bernsku er leikurinn, það að leika sér, sama og að læra og afla sér þekkingar. Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Í leikskólastarfi eru börn í brennidepli og á leikurinn í allri sinni fjölbreytni að vera kjarninn í starfi leikskólans. Áhersla er lögð á frjálsan leik og að kennarar virði leikinn sem mikilvæga námsaðferð sem opnar víddir þar sem sköpunargleði barna nýtur sín. Hamingja og gleði liggur í því að börn finni hæfileikum sínum farveg og fái notið sín sem einstaklingar og sem hluti af heild. Námsvið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar kennarar tengja á markvissan hátt markmið þeirra við leik. Kennarar gefa börnum nægan tíma og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka. Þeir eru vakandi yfir tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra. Þeir þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum og skipuleggja leikumhverfið.

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla. Umhverfið er mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna. Kennarar skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín. Í leikskóla hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu. Börn og forráðamenn eiga að fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulag námsumhverfis í samráði við starfsfólk leikskóla.

Í Kópahvoli er fjölbreytt leikefni sem ýtir undir sköpunarkraft barna og gefur þeim tækifæri til að uppgötva, kanna og finna leiðir í leik.



# Lýðræði og jafnrétti

Leikskóla ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Gert er ráð fyrir því að börn læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru forráðamenn, kennarar og börn samstarfsaðilar. Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólk, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Í leikskóla eru styrkleikar barna hafðir að öndvegi og frumkvæði þeirra eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Börn eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla fá börn tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Leikskólinn starfar eftir [Jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs](#), [Eineltisáætlun leikskóla Kópavogs](#) og [Jafnréttisáætlun Kópahvols](#).





## Sambætt og skapandi leikskólastarf-námsvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru sambætt og samofin öllu starfi leikskólans. Þau byggja á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskóla. Leikskólastarf byggjast á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Námsvið leikskóla eiga að vera hluti af leik barna, vera heildstæð og byggjast á reynslu, áhuga og hugmyndum þeirra. Þau eiga að byggja á félags- og tilfinningalegum þáttum náms og vera skipulögð í samvinnu við kennara, forráðamenn og börn. Námsvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.



Barnaheill

# Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Í jákvæðum og uppbýggilegum samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmýnd styrkist. Læsi í viðum skilningi bess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir bekkingu, leikni og hæfni til að lesa umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Unnið er í samræmi við [Stefnu Kópavogsþærar um mál og lestur í leik- og grunnskólum](#) og læsistefnu Kópahvols.

Starfshættir Kópahvols stuðla að fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi sem efla áhuga barnanna á læsi og bætir árangur í málþroska og lesskilning. Málörvun fer fram alla daga í gegnum leik, spil, söng og lestur. Ritmálið er gert sýnilegt í umhverfinu og hvert tækifæri er nýtt til samræðna, orð sett a alla hluti og athafnir. Lagt er upp með lestur og söng á hverjum degi sem gefur svigrúm til samræðulesturs og gæðastundar í málörvun.

Námsefnið [Lubbi finnur málbein](#) er nýtt í starfi með börnunum það er byggt á hljóðnámi í þrívidd og felur í sér sambættingu skynleiða, sjón-, heyrnar- og hreyfi-/snertiskyns sem auðveldar og hraðar tileinkun hljóðanna og vistun þeirra í minni.

Unnið er með snemmtæka íhlutun í Kópahvoli þar sem markvisst er lagt upp með að ná hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi í viðum skilningi. Hér má nálgast [handbók Kópahvols í snemmtækri íhlutun](#).

Notast er við reglurnar hennar Bínu, þær kenna okkur að gera greina mun á jákvæðri og neikvæðri hegðun og ýtið þá undir umburðalyndi, hjálpsemi og tillitsemi gagnvart öðrum.

TRAS er skráningarlisti sem notaður er til þess að fylgjast með málþoku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með listanum er hægt að skima eftir frávikum í mál og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Málörvunarefni Kópahvols er flokkað eftir TRAS.

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.



Snemmtæk íhlutun

# Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði. Daglegar athafnir í leikskóla stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Líðan barna hefur áhrif á sjálfsmýnd þeirra, hvort þau hafa trú á eigin hæfni, eru áhugasöm og sýna vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Í leikskólastarfi skipar umhyggja stóran sess og er því mikilvægt að kennarar myndi góð og nán tengsl við börnin.

Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífstíl. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að því.

Hreyfing er börnum eðlislæg og er mikilvæg fyrir alhliða þroska þeirra og stuðlar að vellíðan. Hún hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Hér má finna [Lýðheilsustefnu Kópavogsbærar](#) og [Næringerstefnu Kópavogsbærar](#).

Í Kópahvoli er lögð áhersla á að börnin finni fyrir öryggi og fái hreyfibörf sinni fullnægt yfir daginn, að þau upplifi gleði og vellíðan ásamt því að efla sjálfstæði sitt og þau hvött til að reyna sig við daglegar athafnir til þess að verða sem mest sjálfbjarga í daglegu starfi og leik.

Umhverfi Kópahvols býður upp á tækifæri til að efla fjölbreytni í hreyfingu. Farið er í vettvangsferðir um nánasta umhverfi svo sem Víghólinn, Kópavogsdal og Fossvogsdal. Þar gefst börnum tækifæri til að rannsaka, kanna og læra að bera virðingu fyrir umhverfinu. Öll börn fara í hvíldarstundir miðaða við aldur og þroska þeirra sem stuðlar að góðri andlegri og líkamlegri líðan.





## Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærnar er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að bau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærnar. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Börn beita ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Leikskólakennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spryra spurninga og leita mismunandi lausna.

Hér má finna [Umhverfisstefnu Kópavogsbæjar](#)

Í Kópahvoli er lögð áhersla á endurnýtanlegan efnivið bæði í frjálsum leik og í skapandi starfi. Lagt er upp með að bera virðingu fyrir efniviðnum sem notaður er í leik og starfi. Sorp er flokkað bæði af börnum og starfsfólk, þannig leggur starfsfólk leikskólans sitt af mörkum til að draga úr vistspori.

Leikskólinn er staðsettur í fallegu umhverfi og er útsýni til allra átta, bar sem gott tækifæri er fyrir börn að læra í gegnum gagnvirk samskipti við umhverfið. Skógarjóður eru við leikskólann, opin svæði og eldstæði. Í Kópahvoli hafa börn aðgang að margvíslegu leikefni sem opnar huga þeirra og eitt leiðir af öðru, þannig eru vísindin.



## Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn þróa með sér. Kennrarar hvetja börn til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir hvetja til sjálfstæðra vinnubragða, skapandi hugsunar og gera börnum kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Skipulag og búnaður í leikskóla á að örva skynjun og stuðla að því að vekja forvitni barna, frumkvæði, virkni, áhuga og sjálfstæði. Á þann hátt fá börn tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttaða reynslu. Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Í Kópahvoli er fjölbreytt leikefni sem ýtir undir sköpunarkraft barna og gefur þeim tækifæri til að uppgötva, kanna og finna leiðir í leik. Börn og kennrarar taka þátt í samfélagslegum hefðum og hátiðum sem og hefðum skólans.

# Fjölskyldan og leikskólinn

Í leikskóla er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggi á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að forráðamenn beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hvar öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Leitast er við að koma til móts við óskir forráðamanna svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum starfsins, aðalbúnaði og umönnun barna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli forráðamanna og leikskóla. Lögð er áhersla á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börn, forráðamenn þeirra og aðstandendur. Starfsfólk leikskólans undirritar þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi og er skylt að gæta þagmælsku. Ef starfsmaður telur að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar, sbr. 17. grein barnaverndarlaga (nr. 80 / 2002).

Við upphaf leikskólagöngu hefst samstarf forráðamanna og leikskólans um velferð barna. Forráðamenn mæta í viðtal hjá leikskólastjóra og deildarstjóra og upplýsa starfsfólk um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið, kennarar upplýsa forráðamenn um námskrá, starfshætti og hugmyndafræði leikskólans. Aðlögun er sá tími þegar barnið kynnist kennurum, börnum og umhverfi skólans.

Í Kópahvoli er þáttökuaðlögun sem byggir á því að forráðamenn eru þáttakendur í aðlöguninni frá fyrsta degi og fylgja dagskipulagi deildarinnar. Hugmyndafræðin að baki þáttökuaðlögun er að öruggir forráðamenn smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna.  
**Öruggir foreldrar=örugg börn.**



## Foreldraráð og foreldrafélag

Lögum samkvæmt skal kjósa foreldraráð við leikskóla í september ár hvert til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur en í því sitja að lágmarki þrír forráðamenn ásamt leikskólastjóra. Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans, gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi hans. Foreldrafélag eflir tengsl forráðamanna og leikskólans, styður við starfsemi hans og aðbúnað. Félagið tekur þátt í ýmsum uppákomum í leikskólanum og gætir að hagsmunum barna.



## Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem starfsfólk leikskóla framkvæmir og er nefnt innra mat. Hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

## Samstarf leik- og grunnskóla

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Skólaganga barna á að mynda samfelleda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börn eru að fást við í leikskóla verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leik- og grunnskóla er mikilvægt samstarfsverkefni barna, forráðamanna og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barna er í brennidepli.

Í Kópahvoli er samstarf við Kópavogsskóla og árið 2018 – 2020 var unnið að samstarfsverkefni leikskólans Kópahvols, leikskólans Skólatröð og Kópavogs-skóla sem nefnist Þrír stafir.

